

Mættar: Sunna, Sella, Berglind, Steinun Alva og Ásdís. Nanna var upptekin á öðrum fundi.

- Fastur fundartími ákveðinn á mánudögum kl. 15:00.
- Erindi frá Auði Björgvins. Hún er að velta því fyrir sér hvort 1. bekkjar kennarar vilji fara á K-pals. Berglind ætlar að spyrjast frekar út í það.
- Ábending frá Ytra mati að Læsissteymið taki saman niðurstöður Lesfiminnar og rýni betur í tölurnar.
- Spurning um aukið samstarf við leikskólann út frá niðurstöðum Hljóm prófanna og hvernig nemendur eru að koma inn í skólann.
- Dóri DNA kom í fyrra tengt Júlíönuhátíðinni, varð eitthvað lítið úr úrvinnslu en Sunna fékk hjá honum fyrirlagnargögnin og hefur unnið áfram með það efni. Nú í ár verður Júlíönuhátíðin haldin sem datt uppfyrir vegna Covid í fyrra og því ólíklegt að við fáum aðila inn tengt hátíðinni. Við munum þó líklega taka þátt í hátíðinni á einhvern hátt í samstarfi við íslenskukennara. Ræðum þetta betur þegar nær dregur.
- Unnið í framkvæmdaáætlun fyrir veturinn.
- Næsti fundur mánudaginn 18. október kl. 15:00.